



Reykjavík, 18. janúar 2019

Fulltrúi í innkaupanevnd Listasafns Reykjavíkur

Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur gerir þá tillögu til menningar- íþróttá- og tómstundaráðs að listfræðingurinn og myndlistarkonan **Anna Jóhannsdóttir** (kt. 120669-5249) verði skipuð í innkaupanevnd safnsins. Tillaga þessi er gerð í samráði við sviðsstjóra.

Samkvæmt samþykktum fyrir Listasafn Reykjavíkur skipar ráðið tvo fulltrúa í innkaupanevnd safnsins að fenginni tillögu safnstjóra og umsögn sviðsstjóra. Annan þessara tveggja einstaklinga skal stjórn Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM) tilnefna. Fulltrúi tilnefndur af SÍM, Unnar Örn Auðarson Jónasson, var skipaður 2018 og lýkur því tilnefningu þess fulltrúa í upphafi árs 2020.

Virðingarfyllst,

Ólöf Kristín Sigurðardóttir
safnstjóri